

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2011

Risk of poverty and income distribution 2011

Samantekt

Tekjur landsmanna dreifðust jafnar árið 2011 en þær hafa gert áður í lífskjararannsókn Hagstofunnar sem hófst árið 2004. Árið 2011 var kaupmáttur ráðstöfunartekna hjá öllum tekjuhópum sambærilegur við það sem hann var árið 2004. Hlutfall landsmanna sem var undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun var lægra árið 2010 en í nokkru öðru Evrópuríki.

Inngangur

Lífskjararannsókn Hagstofunnar
er hluti af samræmdri rannsókn
ESB, EU-SILC.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem er hætt við félagslegri einangrun. Í rannsókninni er bæði aflað upplýsinga um einstaklinga og heimili og miðað við ráðstöfunartekjur heimila þegar efnahagsleg staða þeirra er metin.

Við skipulagningu lífskjararannsóknarinnar var reynt að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá, en sneiða jafnframt hjá göllunum. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá sem gefa áreiðanlegri upplýsingar um tekjur en úrtakskannanir. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri upplýsingar um þá sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Í þessu hefti er fjallað um rannsóknir árin 2004 til 2011 en upplýsingar um tekjur koma úr skattskrá ársins á undan. Í skýringum aftast í heftinu má sjá lýsingu á aðferðum og hugtökum og eru skýringarnar í númeraröð sem verður vísað í eftir því sem við á.

Helstu niðurstöður


Gini-stuðullinn var 23,6 árið
2011 en fór hæst í 29,6 árið
2009

Gini-stuðullinn á Íslandi var 23,6 árið 2011 og hefur ekki verið lægri síðan mælingar hófust árið 2004. Stuðullinn sýnir hvernig heildartekjur samfélagsins dreifast meðal landsmanna og væri 100 ef allar tekjur tilheyrðu sama einstaklingi en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Gini-stuðullinn á Íslandi fór hækkandi á árabílinu 2004 til 2009 en hefur lækkað undanfarin tvö ár.



Mynd 1. Gini-stuðullinn og fimmtungastuðullinn

Figure 1. The Gini index and the income quintile share ratio




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2011: Gini-stuðullinn er $\pm 1,2$ og fimmtungastuðullinn $\pm 0,2$. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu ESB, miða ártölin í töflunni við það ár sem lífsskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur koma úr skattskrár ársins á undan. CI (95%) 2011: The Gini index ± 1.2 and the quintile share ratio ± 0.2 . According to Eurostat procedures the years of the table refer to the survey year, the year the survey was implemented. The income reference period is the previous tax year.

Ráðstöfunartekjur í tekjuhæsta fimmtungi voru 3,3 sinnum hærri en í tekjulægsta fimmtungi

Fimmtungastuðullinn gefur til kynna að ráðstöfunartekjur (skýring 1) í tekjuhæsta fimmtungnum í lífsskjararannsókninni 2011 voru 3,3 sinnum hærri á neyslueiningu (skýring 3) en hjá þeim sem voru í tekjulægsta fimmtungnum. Fimmtungastuðullinn árið 2009 var 4,2 en það er mesti munur sem hefur mælst í rannsókninni.

Mynd 2. Meðalráðstöfunartekjur í tekjufimmtungum á verðlagi ársins 2010 miðað við vísitölu neysliverðs

Figure 2. Real disposable income for income quintiles in 2010 year's prices, CPI




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Hæsti fimmtungur ± 2300 , mið-fimmtungur ± 600 og lægsti fimmtungur er ± 9900 . See figure 1. CI (95%) 2011: The highest quintile ± 2300 , the third quintile ± 600 and the lowest quintile is ± 9900 .

Kaupmáttur var svipaður árið 2011 og hann var árið 2004

Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu á föstu verðlagi (skýring 9) miðað við vísitölu neysluverðs sýna að kaupmáttur ráðstöfunartekna er svipaður og hann var árið 2004 hjá öllum tekjuhópum. Á árunum 2004 til 2009 jókst kaupmáttur í öllum tekjuhópum en mest í tekjuhæsta fimmtungnum. Jafnframt dregst kaupmáttur tekjuhæsta fimmtungsins meira saman en hjá öðrum árin 2010 og 2011.

Mynd 3. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2010

Figure 3. The Gini index, European comparison 2010




Heimild Source: Eurostat.

Ísland í 8. sæti yfir jöfnuð meðal Evrópuþjóða þegar litið er á Gini-stuðulinn árið 2010.

Í evrópskum samanburði árið 2010 er Ísland í 8. sæti þegar ríkjunum er raðað eftir röð Gini-stuðla. Af hinum Norðurlandþjóðunum voru Noregur, Svíþjóð og Finnland með lægri stuðul en Ísland. Hæstur var Gini-stuðullinn í Litháen eða 36,9 en lægstur í Noregi eða 23,6.

Mynd 4. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2010

Figure 4. Income quintile share ratio, European comparison 2010



Heimild Source: Eurostat.

Fimm Evrópulönd höfðu lægri fimmtungastuðul en Ísland árið 2010. Ungverjar, Slóvenar og Norðmenn voru með lægsta fimmtungastuðulinn en Spánverjar, Lettar og Litháar með þann hæsta.


Lágtekjumörk og félagsleg einangrun

13,6% Íslendinga voru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun árið 2011.

Á árinu 2011 voru rúmlega 40 þúsund eða 13,6% landsmanna undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun (e. *at risk of poverty or social exclusion*). Til að falla í þennan hóp þurfa einstaklingar að uppfylla eitt eða fleiri af eftirtöldum skilyrðum: vera undir lágtekjumörkum, búa við verulagan skort á efnislegum gæðum eða búa á heimilum þar sem vinnuþátttaka er mjög lítil. Eitt af fimm lykilmarkmiðum 2020 áætlunar Evrópusambandsins (skýring 10) er að fækka þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun.

Mynd 5. Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Figure 5. Proportion of individuals who are at risk of poverty or social exclusion



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Öryggisbil (95%) 2011: Fyrir neðan lágtekjumörk eða í félagslegri einangrun ± 1.4 , undir lágtekjumörkum ± 1.2 , með lágt vinnuhlutfall ± 1.0 og með verulegan skort á efnislegum gæðum ± 0.5 . See figure 1. CI (95%) 2011: The at risk of poverty or social exclusion ± 1.4 , at risk of poverty ± 1.2 , low work intensity ± 1.0 and severe material deprivation ± 0.5 .

Lágtekjumörk voru 153.600 krónur í ráðstöfunartekjur árið 2011 fyrir einstakling sem bjó einn

Lágtekjumörk (skýring 4) voru 153.600 krónur á mánuði fyrir heimili þar sem einn einstaklingur bjó eða 60% af miðgildi (skýring 5) ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Þeir sem bjuggu einir og höfðu lægri ráðstöfunartekjur en 153.600 krónur á mánuði voru þannig fyrir neðan lágtekjumörk samkvæmt skilgreiningunni. Samsvarendi fjárhæð fyrir heimili þar sem bjuggu tveir fullorðnir og tvö börn yngri en 14 ára var 322.500 krónur á mánuði.

Tafla 1. Lágtekjumörk, tvö dæmi

Table 1. At-risk-of-poverty threshold (illustrative values)

Krónur á mánuði ISK per month	Vikmörk CI					
	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Einn á heimili One person household	111.300	126.300	141.100	160.800	158.200	153.600
Tveir fullorðnir og tvö börn Two adults and two children	233.800	265.200	296.300	337.700	332.100	322.500

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. Cf. table 2.

9,3% undir lágtekjumörkum

Árið 2011 var lágtekjuhlutfallið (skýring 4) á Íslandi 9,2% og hefur ekki mælst svo lágt áður. Hlutfallið hefur verið í kringum 10% frá árinu 2004. Lágtekjuhlutfall er hlutfall þeirra sem eru með lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi.

6% landsmanna bjuggu á heimilum þar sem vinnuhlutfall var mjög lágt.


Árið 2011 bjuggu 6% landsmanna á heimilum þar sem vinnuhlutfall var mjög lágt. Þeir sem búa við mjög lágt vinnuhlutfall skilgreinast á þannig að þeir eru yngri en 60 ára og búa á heimilum þar sem heimilismenn á vinnualdri (18 til 59 ára samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins) unnu minna en 20% af því sem þeir gætu unnið ef þeir væru allir í fullu starfi.

2% landsmanna bjuggu við verulegan skort á efnislegum gæðum.

Árið 2011 bjuggu 2% landsmanna við verulegan skort á efnislegum gæðum. Til að teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum þarf að uppfylla fjögur af eftirfarandi atriðum; hafa lent í vanskilum með lán, hafa ekki efni á fríi með fjölskyldunni, hafa ekki efni á kjöt-, fisk- eða grænmetismáltíð annan hvern dag, geta ekki mætt óvæntum útgjöldum, hafa ekki efni á heimasíma eða farsíma, sjónvarpstæki, þvottavél, bíl eða nægjanlegri húshitun (skýring 11).

Mynd 6. Lágtekjumörk og hættu á félagslegri einangrun, evrópskur samanburður 2010

Figure 6. At risk of poverty or social exclusion, European comparison 2010




Heimild Source: Eurostat.

Meðal Evrópuþjóða var Ísland með lægsta hlutfall íbúa undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun árið 2010

Af þeim Evrópuþjóðum sem framkvæma lífshjararannsóknina er lægst hlutfall fólks á Íslandi undir lágtekjumörkum eða í hættu á að lenda í félagslegri einangrun. Næstu þjóðir þar á eftir eru Tékkar, Norðmenn og Svíar. Þær þjóðir þar sem fólk lendir helst undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun eru Lettland, Rúmenía og Búlgaría.

Mynd 7. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2010

Figure 7. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2010



Heimild Source: Eurostat.

Ísland var með næst lægsta lágtekjuhlutfallið í Evrópu árið 2010.

Lágtekjuhlutfallið á Íslandi er stöðugt sem og röð Íslands meðal annarra Evrópuþjóða þar sem Ísland er ávallt í 1 til 3 sæti (sjá töflu 11).

Greining lágtekjuhlutfalls

Konur á aldrinum 18–24 eru líklegastar til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk þegar litið er til aldurs og kyns.

Þegar litið er til kyns og aldurs eru konur 18–24 ára sá hópur sem hefur mesta tilhneigingu til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk árið 2011 eða 15,7%. Þessi hópur hefur í gegnum tíðina verið í meiri hættu en aðrir. Hlutfall þeirra sem var undir lágtekjumörkum var lægst hjá körlum, 65 ára og eldri, 3%.

Tafla 2. Lágtekjuhlutfall eftir aldri og kyni

Table 2. At-risk-of-poverty rate by age and gender

							2011	
	Hlutfall Rate						Vik- mörk	Áætlaður fjöldi
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	CI	Estimated number
Allur aldur All ages								
Alls Total	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	± 1,2	27.700
Karlar Males	9,1	9,1	9,5	9,3	9,8	9,0	± 1,3	13.500
Konur Females	10,2	11,0	10,7	11,1	9,8	9,5	± 1,5	14.200
0–17 ára years								
Alls Total	11,6	11,9	11,2	9,9	12,6	11,2	± 2,2	8.800
Karlar Males	11,4	11,1	10,5	9,3	12,3	10,6	± 2,5	4.200
Konur Females	11,7	12,7	11,9	10,5	12,8	11,9	± 2,9	4.600
18–24 ára years								
Alls Total	12,8	11,8	12,5	15,7	16,3	14,2	± 3,1	4.300
Karlar Males	9,5	8,3	12,4	11,1	13,3	12,8	± 3,9	2.000
Konur Females	16,2	15,5	12,6	20,6	19,4	15,7	± 4,4	2.300
25–49 ára years								
Alls Total	9,1	8,8	9,0	9,7	10,0	10,1	± 1,6	10.300
Karlar Males	9,1	8,9	9,6	10,3	10,8	9,6	± 2	4.900
Konur Females	9,1	8,7	8,5	9,0	9,2	10,6	± 2,1	5.400
50–64 ára years								
Alls Total	4,2	5,5	5,7	6,6	4,9	5,2	± 1,5	2.800
Karlar Males	4,3	5,9	5,9	7,9	6,5	7,1	± 2,3	1.900
Konur Females	4,1	5,0	5,6	5,3	3,3	3,3	± 1,4	900
65 og eldri and over								
Alls Total	11,8	15,1	15,0	12,4	4,9	4,3	± 1,8	1.600
Karlar Males	10,0	11,0	9,5	6,1	3,0	3,0	± 1,9	500
Konur Females	13,5	18,8	19,7	17,9	6,6	5,5	± 2,6	1.100
0–64 ára years								
Alls Total	9,4	9,4	9,4	9,9	10,5	9,9	± 1,3	26.100
Karlar Males	9,0	8,9	9,5	9,6	10,7	9,8	± 1,4	12.900
Konur Females	9,8	10,0	9,4	10,1	10,2	10,0	± 1,6	13.200
18–64 ára years								
Alls Total	8,4	8,4	8,7	9,9	9,6	9,3	± 1,2	17.300
Karlar Males	7,9	8,0	9,0	9,8	10,0	9,4	± 1,5	8.800
Konur Females	8,9	8,8	8,4	9,9	9,1	9,3	± 1,5	8.600
18 og eldri and over								
Alls Total	8,9	9,4	9,7	10,2	8,8	8,5	± 1	18.900
Karlar Males	8,2	8,4	9,1	9,3	8,9	8,4	± 1,3	9.300
Konur Females	9,6	10,5	10,2	11,3	8,7	8,6	± 1,3	9.700

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. C.f. table 2.

Þeir sem eru án vinnu eru líklegri en aðrir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Hlutfall fólks undir lágtekjumörkum var 12,3% meðal þeirra sem ekki voru í vinnu en 6,4% meðal starfandi fólks. Meðal atvinnulausra voru 21,8% fyrir neðan lágtekjumörk.

Tafla 3. Lágtekjuhlutfall eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni

Table 3. At-risk-of-poverty rate by most frequent activity status and gender

							2011	
							Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
		Hlutfall Rate						
		2006	2007	2008	2009	2010	2011	
Heildarfjöldi Total								
Alls Total		8,8	9,3	9,5	9,9	8,7	8,2 ± 1	17.600
Karlar Males		8,2	8,4	9,0	8,8	8,7	8,1 ± 1,3	8.600
Konur Females		9,5	10,3	10,1	11,1	8,6	8,3 ± 1,3	9.000
Starfandi Employed								
Alls Total		6,6	7,0	6,7	7,7	6,6	6,4 ± 1	9.800
Karlar Males		6,9	6,9	6,9	7,4	6,8	6,4 ± 1,3	5.000
Konur Females		6,2	7,1	6,4	8,0	6,5	6,5 ± 1,4	4.700
Ekki í vinnu Not at work								
Alls Total		16,2	17,2	18,9	17,4	13,6	12,3 ± 2,1	7.800
Karlar Males		14,0	15,3	18,1	14,7	13,9	12,6 ± 3	3.600
Konur Females		17,6	18,5	19,5	19,4	13,3	12,0 ± 2,6	4.300
Atvinnulausir Unemployed								
Alls Total		13,8	20,6	25,1	29,3	25,5	21,8 ± 6,5	2.200
Karlar Males		16,8	8,0	27,2	31,6	26,1	21,6 ± 8,3	1.200
Konur Females		11,0	28,7	22,0	26,6	24,6	21,9 ± 9,9	1.000
Á eftirlaunum Retired								
Alls Total		13,5	18,8	17,9	14,8	6,3	4,6 ± 2,4	900
Karlar Males		11,2	13,3	11,5	6,7	1,9	1,4 ± 1,4	100
Konur Females		15,4	23,2	22,6	20,7	10,0	7,4 ± 4	800
Aðrir utan vinnu Other inactive								
Alls Total		18,7	15,5	19,5	18,5	14,5	14,1 ± 2,9	4.700
Karlar Males		17,2	18,2	24,5	19,8	17,1	16,8 ± 4,8	2.200
Konur Females		19,5	14,1	16,4	17,5	12,6	12,3 ± 3,3	2.500

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. C.f. table 2.

*Tiltölulega hátt hlutfall leigjenda
var undir lágtekjumörkum*

Leigjendur voru í mun meiri hættu en húseigendur á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk en 22% þeirra voru undir lágtekjumörkum í lífskjararannsókninni 2011 samanborið við 6% húseigenda.

Tafla 4. Lágtekjuhlutfall eftir eigin húsnæði og leiguhúsnæði

Table 4. At-risk-of-poverty rate by accommodation tenure status

							2011	
	Hlutfall Rate						Vik- mörk CI	Áætlaður fjöldi Esti- mated number
	2006	2007	2008	2009	2010	2011		
Alls Total	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	± 1,2	27.700
Eigandi eða leigir frítt <i>Owner or rent free</i>	8,3	9,1	7,8	7,5	7,2	6,0	± 1,1	14.600
Leigjandi <i>Tenant</i>	18,7	17,3	25,5	26,3	22,1	22,0	± 3,8	13.100

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. C.f. table 2.

Þeim sem búa einir eða eru einir með börn er hættara en öðrum á að lenda fyrir neðan lágtekjumörk

Almennt má segja að einstæðir foreldrar og þeir sem búa einir án barna (skýring 12) séu í mestri hættu á að lenda undir lágtekjumörkum. Einstæðir foreldrar eru líklegastir til að lenda fyrir neðan lágtekjumörk, 28,4%. Þar á eftir eru karlar sem búa einir, 25,2%.

Tafla 5. Lágtekjuhlutfall einstaklinga eftir heimilisgerð
Table 5. At-risk-of-poverty rate of persons by household type

							2011	
	Hlutfall Rate						Vik- mörk	Áætl. fjöldi Esti- mated number
	2006	2007	2008	2009	2010	2011	CI	
Heimili án barna <i>Households without dependent children</i>	8,9	10,9	11,6	13,2	9,6	9,1	± 1,5	10.600
Einn á heimili, undir 65 <i>One person household, under 65 years</i>	12,6	17,7	20,4	25,9	23,2	25,2	± 4,9	6.400
Einn á heimili, 65 og eldri <i>One person household, 65 years and over</i>	27,6	43,0	35,8	31,0	12,7	7,7	± 4,1	1.000
Ein á heimili, kona <i>One person household, female</i>	19,5	31,3	28,6	33,2	16,1	16,0	± 4,9	2.900
Einn á heimili, karl <i>One person household, male</i>	15,6	21,5	22,4	22,4	23,2	22,5	± 5,3	4.500
Tveir fullorðnir undir 65, engin börn <i>Two adults under 65 yrs, no children</i>	6,8	7,0	6,8	9,5	6,8	5,8	± 2,2	2.100
Tveir fullorðnir, a.m.k. annar yfir 65, engin börn <i>Two adults, at least one 65+ years, no children</i>	3,6	2,3	5,0	2,7	1,1	2,7	± 1,8	700
Önnur barnlaus heimili <i>Other no dependent children</i>	4,6	2,2	3,7	4,1	3,4	2,7	± 2,1	500
Heimili með börn <i>Households with dependent children</i>	10,0	9,6	9,1	8,3	10,0	9,3	± 1,7	17.000
Einstætt foreldri með barn eða börn <i>Single parent, one or more dep. child</i>	27,0	23,3	28,0	22,8	30,1	28,4	± 7,5	6.900
Tveir fullorðnir með eitt barn <i>Two adults, one dependent child</i>	9,7	6,3	6,0	5,8	5,8	6,8	± 2,9	2.400
Tveir fullorðnir með tvö börn <i>Two adults, two dependent children</i>	6,1	7,3	3,8	4,2	5,8	6,9	± 2,5	3.700
Tveir fullorðnir með 3 börn eða fleiri <i>Two adults, 3 or more dep. children</i>	10,2	12,1	12,9	10,3	12,0	8,0	± 3,3	3.600
Önnur heimili með börn <i>Other households with dependent children</i>	5,3	5,5	4,2	5,8	0,4	1,8	± 1,6	400

Skýringar Notes: Sjá töflu 2. C.f. table 2.

Úrtak

Svarhlutfall var 75% og svör fengust frá 8.855 einstaklingum á 3.018 heimilum árið 2011.

Úrtak lífsskjararannsóknarinnar 2011 var 4.310 heimili. Eftir að þeir sem eru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.015 heimili. Svör fengust frá 3.018 þessarra heimila sem er 75% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.855 einstaklinga. Lífsskjararannsóknin var framkvæmd 1. mars til 4. maí árið 2011.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlifendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu.
4. *Lágtekjuhlutfall og lágtekjumörk* Lágtekjuhlutfall (e. *at-risk-of-poverty rate*) er það hlutfall (%) einstaklinga á einkaheimilum sem hefur lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 3) en lágtekjumörk. Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.
5. *Miðgildi* Miðgildi (e. *median*) er sú tala sem lendir í miðjunni þegar öllum einstaklingunum í talnasafni er raðað frá þeim lágsta til þess hæsta. Tilgangurinn er að gefa mynd af meðalmanninum. Miðgildið er oft notað frekar en meðaltalið þegar unnið er með tekjur fólks því einstaklingar sem hafa mjög háar tekjur geta haft mikil áhrif á meðaltalið.
6. *Lágtekjuhlutfall greint eftir ákveðnum breytum* Lágtekjuhlutfall er greint eftir kyni, aldri, stöðu á vinnumarkaði, heimilisgerð og fleiri breytum. Stuðlarnir eru reiknaðir sem hlutfall (%) í hverjum flokki sem hefur ráðstöfunartekjur á neyslueiningu fyrir neðan lágtekjumörkin deilt með heildarfjölda í sama flokki. Ávallt er miðað við sömu lágtekjumörkin, þ.e. þau sem reiknuð eru af heildarfjöldanum.

7. *Fimmtungastuðull, S80/S20* Fimmtungastuðull (e. *income quintile share ratio*) mælir hlutfallið milli heildarsummu þeirra ráðstöfunartekna á neyslueiningu sem 20% tekjuhæstu einstaklingarnir fá og sambærilegra tekna þeirra 20% tekjulægstu.
8. *Gini-stuðullinn* Gini-stuðullinn (e. *Gini-index*) mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samantlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur.
9. *Tekjur á föstu verðlagi* Fjárhæðirnar í mynd 2 eru reiknaðar miðað við meðaltal neysluvísitölunnar fyrir árið 2010 vegna þess að nýjustu tekjuupplýsingarnar eru frá þeim tíma. Fjárhæðir í mynd 2 eru því allar á föstu verðlagi ársins 2010.
10. *Markmið Evrópusambandsins fyrir árið 2020* Evrópusambandið hefur sett sér fimm mælanleg lykilmælikvarði til að stefna að fyrir árið 2020. Markmiðin eru eftirfarandi:
1. 75% fólks á aldrinum 20–64 ára á að vera í vinnu.
 2. 3% þjóðarframleiðslu skal fjárfesta í rannsóknum og þróun.
 3. (A) Magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu skal vera 20% minna en það mældist árið 1990. (B) Endurvinnanlegir orkugjafar skulu vera að minnsta kosti 20% allrar orku sem notuð er og (C) orkunotkun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu á að dragast saman um 20%.
 4. (A) Hlutfall brottfalls úr framhaldsskóla á að vera lægra en 10% og (B) að minnsta kosti 40% fólks á aldrinum 30–34 ára á að vera með háskóla-menntun.
 5. Draga skal úr fátækt með því að fækka um 20 milljónir þeim sem eru undir lágtekjumörkum eða eru í hættu á félagslegri einangrun.
11. *Verulegur skortur á efnislegum gæðum* Þeir sem teljast búa við verulegan skort á efnislegum gæðum skilgreinast af því að hafa svarað fjórum af eftirfarandi níu spurningum játandi:
- 1: Hefur lent í vanskilum húsnæðislána eða annarra lána vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum
 - 2: Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni
 - 3: Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetis máltíð að minnsta kosti annan hvern dag
 - 4: Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum (sem voru að upphæð 160 þúsund árið 2011)
 - 5: Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma
 - 6: Hefur ekki efni á sjónvarpstæki
 - 7: Hefur ekki efni á þvottavél
 - 8: Hefur ekki efni á bíl
 - 9: Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu
12. *Börn og fullorðnir á heimili* Til barna á heimili (e. *dependent children*) heyra allir þeir sem eru undir 18 ára aldri og þeir sem eru 18–24 ára, eru án vinnu og búa hjá að minnsta kosti öðru foreldri. Fullorðnir teljast þeir sem ekki falla undir skilgreininguna um börn.
13. *Vikmörk* Lífsskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk og því má fullyrða að í 95% tilvika lendi niðurstaðan innan þeirra vikmarka sem gefin eru. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munur-

inn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.

14. Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa

Hagnaður eða tap af sölu hlutabréfa telst ekki til ráðstöfunartekna (eða tekjuskerðingar) heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Hlutabréf gætu til dæmis hafa verið keypt fyrir 20 árum en verið seld með miklum hagnaði á því ári sem könnunin nær til og skilað sér í hárri upphæð inn á bankareikning viðkomandi. Eignin hefur myndast yfir 20 ára tímabil og gæti þess vegna hafa rýrnað á því ári sem könnunin mælir. Að sama skapi gæti fólk losað mikið fé með því að selja fasteign og hagnaður af slíkri sölu gæti verið umtalsverður ef tekið er mið af þróun undanfarinna ára á fasteignamarkaði. Slíkur gjörningur hefur þó ekki áhrif á ráðstöfunartekjur heimila eins og þær eru skilgreindar af Evrópusambandinu. Bent hefur verið á að um getur verið að ræða mjög háar upphæðir sem gætu haft mikil áhrif á bæði Gini-stuðulinn og fimm tungastuðulinn. Hins vegar er mikilvægt að halda samræmi við önnur lönd svo að gögnin verði samanburðarhæf.

15. Könnunarár og tekjuár

Upplýsingum fyrir lífshjararannsóknina er aflað á tvennan hátt, með könnun og með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár, það ár sem lífshjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.

English summary

The distribution of income in Iceland was more equal in 2011 than it has been since the survey of income and living conditions started in 2004. The Gini index which shows the distribution of disposable income was 23.6 but the quantile share ratio which compares the income of the highest quintile to the income of the lowest quintile was 3.3. Real disposable income in the 2010 year's prices, CPI, shows that the purchasing power of disposable income for 2011 was similar as it was in 2004 in relation to all income groups.

In the year 2011, 13.6% of the population was at risk of poverty or social exclusion and the at risk of poverty rate was 9.2 which is lower than it has been before.

In 2010 Iceland had the lowest proportion of people at risk of poverty or social exclusion, was 8th for the lowest Gini index and 6th-7th for the lowest quintile share ratio among European nations.

Tafla 6. Gini-stuðull, fimmtungastuðull og hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun

Tafla 6. *The Gini index, quantile share ratio and the proportion of individuals who are at-risk-of-poverty or social exclusion*

	Stuðull <i>Indicator</i>								Vik- mörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2011
Gini-stuðull									
<i>The Gini index</i>	24,1	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	25,8	23,6	± 1,2
Fimmtungastuðull									
<i>Income quintile share ratio</i>	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6	3,3	± 0,2
Hlutfall undir lágtekjumörkum eða í félagslegri einangrun									
<i>At-risk-of-poverty or social exclusion</i>	13,7	13,3	12,5	13,0	11,8	11,6	13,7	13,6	± 1,4
Hlutfall undir lágtekjumörkum									
<i>At-risk-of-povert</i>	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8	9,2	± 1,2
Með mjög lágt vinnuhlutfall									
<i>Very low work intensity</i>	3,7	3,1	2,7	2,3	2,7	2,5	5,7	6,0	± 1,0
Verulegur skortur á efnislegum gæðum									
<i>Severe material depriveison</i>	2,5	2,7	2,1	2,1	0,8	0,8	1,8	2,0	± 0,5

Tafla 7. Meðaltekjur tekjum hjá hæsta tekjufimmtungi, þriðja fimmtungi og lægsta fimmtungi

Tafla 7. *Mean income for the highest quintile, the third quintile and the lowest quintile*

	Hlutfall <i>Rate</i>								2011 Vik- mörk <i>CI</i>
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	
Lægsti fimmtungur <i>Lowest quintile</i>	143.200	149.200	152.500	165.700	176.100	175.400	156.200	143.200	± 2300
Mið-fimmtungur <i>Third quintile</i>	258.500	266.400	276.200	293.900	313.800	315.600	277.400	256.500	± 600
Hæsti fimmtungur <i>Highest quintile</i>	483.800	523.000	568.800	651.600	674.800	738.600	563.700	474.100	± 9900

Tafla 8. Gini-stuðullinn, evrópskur samanburður 2010*Table 8. The Gini index, European comparison 2010*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Austurríki <i>Austria</i>	25,8	26,2	25,3	26,2	26,2	25,7	26,1
Belgía <i>Belgium</i>	26,1	28,0	27,8	26,3	27,5	26,4	26,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	34,6	32,5	32,6	33,9	32,4	33,0
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	26,0	25,0	31,2	35,3	35,9	33,4	33,2
Danmörk <i>Denmark</i>	23,9	23,9	23,7	25,2	25,1	26,9	26,9
Eistland <i>Estonia</i>	37,4	34,1	33,1	33,4	30,9	31,4	31,3
Finnland <i>Finland</i>	25,5	26,0	25,9	26,2	26,3	25,9	25,4
Frakkland <i>France</i>	28,2	27,7	27,3	26,6	29,2	29,8	29,9
Grikkland <i>Greece</i>	33,0	33,2	34,3	34,3	33,4	33,1	32,9
Holland <i>Netherlands</i>	•	26,9	26,4	27,6	27,6	27,2	25,5
Írland <i>Ireland</i>	31,5	31,9	31,9	31,3	29,9	28,8	33,2
Ísland <i>Iceland</i>	24,1	25,1	26,3	28,0	27,3	29,6	25,8
Ítalía <i>Italy</i>	33,2	32,8	32,1	32,3	31,0	31,5	31,2
Króatía <i>Croatia</i>	30,0	30,0	28,0	29,0	28,0	27,0	31,5
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	28,7	28,8	29,8	28,0	28,4	29,1
Lettland <i>Latvia</i>	•	36,1	39,2	35,4	37,7	37,4	36,1
Litháen <i>Lithuania</i>	•	36,3	35,0	33,8	34,0	35,5	36,9
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	26,5	26,5	27,8	27,4	27,7	29,2	27,9
Malta <i>Malta</i>	•	26,9	27,0	26,3	27,9	27,2	28,4
Noregur <i>Norway</i>	25,2	28,2	29,2	23,7	25,1	24,1	23,6
Portúgal <i>Portugal</i>	37,8	38,1	37,7	36,8	35,8	35,4	33,7
Pólland <i>Poland</i>	•	35,6	33,3	32,2	32,0	31,4	31,1
Rúmenía <i>Romania</i>	31,0	31,0	33,0	37,8	36,0	34,9	33,3
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	26,2	28,1	24,5	23,7	24,8	25,9
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	23,8	23,7	23,2	23,4	22,7	23,8
Spánn <i>Spain</i>	30,7	31,8	31,2	31,3	31,3	32,3	33,9
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	32,0	30,2	29,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	23,0	23,4	24,0	23,4	24,0	24,8	24,1
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	26,0	25,3	25,3	24,7	25,1	24,9
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	27,6	33,3	25,6	25,2	24,7	24,1
Þýskaland <i>Germany</i>	•	26,1	26,8	30,4	30,2	29,1	29,3
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	30,6	30,2	30,6	30,7	30,4	30,5

Tafla 9. Fimmtungastuðull, evrópskur samanburður 2010*Table 9. Income quintile share ratio, European comparison 2010*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Austurríki <i>Austria</i>	3,8	3,8	3,7	3,8	3,7	3,7	3,7
Belgía <i>Belgium</i>	3,9	4,0	4,2	3,9	4,1	3,9	3,9
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	5,9	5,4	5,3	5,6	5,3	5,4
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	4,0	3,7	5,1	7,0	6,5	5,9	5,9
Danmörk <i>Denmark</i>	3,4	3,5	3,4	3,7	3,6	4,6	4,4
Eistland <i>Estonia</i>	7,2	5,9	5,5	5,5	5,0	5,0	5,0
Finnland <i>Finland</i>	3,5	3,6	3,7	3,7	3,8	3,7	3,6
Frakkland <i>France</i>	4,2	4,0	4,0	3,9	4,3	4,4	4,5
Grikkland <i>Greece</i>	5,9	5,8	6,1	6,0	5,9	5,8	5,6
Holland <i>Netherlands</i>	•	4,0	3,8	4,0	4,0	4,0	3,7
Írland <i>Ireland</i>	4,9	5,0	4,9	4,8	4,4	4,2	5,3
Ísland <i>Iceland</i>	3,4	3,5	3,7	3,9	3,8	4,2	3,6
Ítalía <i>Italy</i>	5,7	5,6	5,5	5,5	5,1	5,2	5,2
Króatía <i>Croatia</i>	4,8	4,7	4,4	4,5	4,5	4,3	5,6
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	4,3	4,3	4,4	4,1	4,2	4,4
Lettland <i>Latvia</i>	•	6,7	7,9	6,3	7,3	7,3	6,9
Litháen <i>Lithuania</i>	•	6,9	6,3	5,9	5,9	6,3	7,3
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	3,9	3,9	4,2	4,0	4,1	4,3	4,1
Malta <i>Malta</i>	•	3,9	4,0	3,9	4,2	4,0	4,3
Noregur <i>Norway</i>	3,6	4,1	4,6	3,5	3,7	3,5	3,4
Portúgal <i>Portugal</i>	7,0	7,0	6,7	6,5	6,1	6,0	5,6
Pólland <i>Poland</i>	•	6,6	5,6	5,3	5,1	5,0	5,0
Rúmenía <i>Romania</i>	4,8	4,9	5,3	7,8	7,0	6,7	6,0
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	3,9	4,1	3,5	3,4	3,6	3,8
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	3,4	3,4	3,3	3,4	3,2	3,4
Spánn <i>Spain</i>	5,1	5,5	5,3	5,3	5,4	6,0	6,9
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	5,3	4,6	4,5
Svíþjóð <i>Sweden</i>	3,3	3,3	3,6	3,3	3,5	3,7	3,5
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	3,7	3,5	3,5	3,4	3,5	3,5
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	4,0	5,5	3,7	3,6	3,5	3,4
Þýskaland <i>Germany</i>	•	3,8	4,1	4,9	4,8	4,5	4,5
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	5,0	4,9	4,9	5,0	4,9	5,0

Tafla 10. Undir lágtekjumörkum eða í hættu á félagslegri einangrun, evrópskur samanburður 2010*Table 10. At-risk-of-poverty or social exclusion, European comparison 2010*

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Austurríki <i>Austria</i>	17,5	16,8	17,8	16,7	18,6	17,0	16,6
Belgía <i>Belgium</i>	22,4	22,8	21,5	21,6	20,8	20,2	20,8
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	24,8	23,7	22,6	23,2	22,0	23,1
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	•	•	62,2	60,7	44,8	46,2	41,6
Danmörk <i>Denmark</i>	16,5	17,2	16,7	16,8	16,3	17,6	18,3
Eistland <i>Estonia</i>	27,3	26,4	22,2	22,0	21,8	23,4	21,7
Finnland <i>Finland</i>	17,2	17,2	17,1	17,4	17,4	16,9	16,9
Frakkland <i>France</i>	19,9	19,0	18,8	19,0	18,6	18,4	19,3
Grikkland <i>Greece</i>	31,0	29,3	29,5	27,7	28,1	27,6	27,7
Holland <i>Netherlands</i>	•	16,7	16,0	15,7	14,9	15,1	15,1
Írland <i>Ireland</i>	24,8	25,0	23,3	23,1	23,7	25,7	29,9
Ísland <i>Iceland</i>	13,7	12,7	12,5	12,5	11,8	11,6	13,7
Ítalía <i>Italy</i>	26,4	25,0	25,9	26,1	25,3	24,7	24,5
Króatía <i>Croatia</i>	•	•	•	•	•	•	31,3
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	25,4	25,4	25,2	22,2	22,2	24,0
Lettland <i>Latvia</i>	•	46,3	41,4	35,8	33,8	37,4	38,1
Litháen <i>Lithuania</i>	•	41,2	35,9	28,7	27,6	29,5	33,4
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	16,1	17,3	16,5	15,9	15,5	17,8	17,1
Malta <i>Malta</i>	•	20,2	19,1	19,4	19,6	20,2	20,6
Noregur <i>Norway</i>	15,8	16,2	16,8	16,5	15,0	15,2	14,9
Portúgal <i>Portugal</i>	27,5	26,1	25,1	25,0	26,0	24,9	25,3
Pólland <i>Poland</i>	•	45,3	39,5	34,4	30,5	27,8	27,8
Rúmenía <i>Romania</i>	•	•	•	45,9	44,2	43,1	41,4
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	32,2	27,1	21,5	20,6	19,6	20,6
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	18,5	17,1	17,1	18,5	17,1	18,3
Spánn <i>Spain</i>	26,1	24,2	23,9	23,1	22,9	23,4	25,5
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	18,6	17,2	17,1
Svíþjóð <i>Sweden</i>	16,9	14,4	16,3	13,9	14,9	15,9	15,0
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	19,6	18,0	15,8	15,3	14,0	14,4
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	32,1	31,4	29,4	28,2	29,6	29,9
Þýskaland <i>Germany</i>	•	18,4	20,3	20,7	20,1	20,0	19,7
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	25,7	25,3	24,4	23,6	23,1	23,5

Tafla 11. Lágtekjuhlutfall, evrópskur samanburður 2010

Table 11. At-risk-of-poverty rate, European comparison 2010

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Austurríki <i>Austria</i>	12,8	12,3	12,6	12,0	12,4	12,0	12,1
Belgía <i>Belgium</i>	15,1	14,8	14,7	15,2	14,7	14,6	14,6
Bretland <i>United Kingdom</i>	•	19,0	19,0	18,6	18,7	17,3	17,1
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	15,0	14,0	19,7	22,0	21,4	21,8	20,7
Danmörk <i>Denmark</i>	10,9	11,8	11,7	11,7	11,8	13,1	13,3
Eistland <i>Estonia</i>	21,1	18,7	18,4	19,4	19,5	19,7	15,8
Finnland <i>Finland</i>	11,0	11,7	12,6	13,0	13,6	13,8	13,1
Frakkland <i>France</i>	13,6	13,2	13,2	13,1	12,7	12,9	13,5
Grikkland <i>Greece</i>	20,2	19,5	20,8	19,2	20,1	19,7	20,1
Holland <i>Netherlands</i>	•	10,7	9,7	10,2	10,5	11,1	10,3
Írland <i>Ireland</i>	20,9	19,7	18,5	17,2	15,5	15,0	16,1
Ísland <i>Iceland</i>	10,0	9,7	9,6	10,1	10,1	10,2	9,8
Ítalía <i>Italy</i>	19,1	18,9	19,6	19,9	18,7	18,4	18,2
Króatía <i>Croatia</i>	18,0	18,0	17,0	18,0	17,3	17,9	20,5
Kýpur <i>Cyprus</i>	•	16,2	15,6	15,5	16,2	16,2	17,0
Lettland <i>Latvia</i>	•	19,8	22,9	20,9	25,6	25,7	21,3
Litháen <i>Lithuania</i>	•	20,7	20,0	19,1	20,0	20,6	20,2
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	12,7	13,7	14,1	13,5	13,4	14,9	14,5
Malta <i>Malta</i>	•	13,9	14,0	14,8	15,0	15,3	15,5
Noregur <i>Norway</i>	10,8	11,4	12,0	11,9	11,4	11,7	11,2
Portúgal <i>Portugal</i>	20,4	19,4	18,7	18,1	18,5	17,9	17,9
Pólland <i>Poland</i>	•	20,5	19,1	17,3	16,9	17,1	17,6
Rúmenía <i>Romania</i>	18,0	•	•	24,8	23,4	22,4	21,1
Slóvakía <i>Slovakia</i>	•	13,5	12,2	10,6	10,9	11,0	12,0
Slóvenía <i>Slovenia</i>	•	12,2	11,6	11,5	12,3	11,3	12,7
Spánn <i>Spain</i>	21,7	20,5	20,5	19,7	19,6	19,5	20,7
Sviss <i>Switzerland</i>	•	•	•	•	16,2	15,1	15,0
Svíþjóð <i>Sweden</i>	11,3	9,5	12,3	10,5	12,2	13,3	12,9
Tékkland <i>Czech Republic</i>	•	10,4	9,9	9,6	9,0	8,6	9,0
Ungverjaland <i>Hungary</i>	•	13,5	15,9	12,3	12,4	12,4	12,3
Þýskaland <i>Germany</i>	•	12,2	12,8	15,3	15,2	15,5	15,6
Evrópusambandið <i>EU (27)</i>	•	16,5	16,6	16,7	16,4	16,3	16,4

Hagtiðindi Laun, tekjur og vinnumarkaður
Statistical Series *Wages, income and labour market*

97. árg. • 11. tbl.

2012:5

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1300 • € 11

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series